

Hátíðarræða Guðrúnar Petursdóttur flutt á Hrafnseyri 17. júní 1998

Virðulega Hrafnseyrarnefnd, sýslumaður og sveitahöfðingjar, ágætu gestir.

Ég þakka þann heiður sem mér er sýndur með því að bjóða mér að vera ræðumaður 17. júní á Hrafnseyri. Það er heiður sem ekki verður afþakkaður. Á Hrafnseyri er uppspretta þjóðhátíðarinnar, hér slær hjartað, hér fæddist hann og ólst upp, sá sem við heiðrum og þökkum öðrum fremur sjálfstæði okkar. Þetta er hans fjara og hans fjöll, þessu útsýni, þessum himni, þessu veðri og vindum tengdust æskuminningar hans, hingað lá sú ramma taug sem rekka dregur föðurtúna til. Hrafnseyri er Betlehem hins sjálfstæða Íslendinga.

Fyrir hverju var Jón Sigurðsson að berjast? Við kunnum svarið utanbókar, - en gerum við okkur grein fyrir því hvaða máli það skiptir okkur í dag? Hvaða máli það skiptir að vera sjálfstæð þjóð? Ráða sér sjálfur, þurfa ekki að biðja um leyfi.

Á undanförnum árum hef ég á vegum Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands tekið þátt í skemmtilegu verkefni, sem kallað er Sjö-eyja verkefnið. Í því taka þátt vísindamenn frá sjö eyþjóðum í Norður Atlantshafi. Það er skilyrði fyrir þátttöku að eyjan hafi að minnsta kosti nokkra sjálfsstjórn, - helst sem mesta, - en af þessum sjö eyjum er Ísland sú eina sem hefur fullt sjálfstæði. Það er með ólíkindum hvílíkur reginmunur er á afstöðu til verkefna og reyndar á verklagi öllu, milli Íslendinganna, sem ráða sér sjálfir, - og hinna eyjaskeggjanna sem alltaf þurfa að biðja stóra bróður um leyfi. Til dæmis Nýfundnalendinganna sem þiggja ölmusu frá og þurfa að biðla til embættismanna alríkisstjórnarinnar í Ottawa. Töfin milli hugmynda og framkvæmdar er svo löng, hrammur miðstýringarinnar kæfir alla glóð framkvæmdagleði og frumkvæðis. Og það versta af öllu: sjálfstraustið er afmáð, - lamað. Þessi samfélög sem eru vestræn og við höldum að séu svo frjáls, eru svo gegnsýrð af skorti á sjálfstæði, að það stendur jafnvel fyrir þrífum samstarfi nokkurra vísindahræða.

Gerum við okkur grein fyrir því Íslendingar, hvaða þýðingu það sjálfstraust hefur, sem sjálfstæðið hefur fært okkur? Trú mannsins á sjálfum sér er forsenda fyrir því að hann geti skapað. Þetta er grundvallaratriði í uppeldi, - jafnvel í tamningu, - eitt er að aga barnið, annað að brjóta viljann. Með brotinn vilja verður maðurinn þý, - hann getur orðið nytsamur, - en hann verður ekki skapandi, - til sköpunar þarf sjálfstæðan vilja, sjálfstæðan hug, - trú á sjálfan sig. Þetta hefur sjálfstæðið fært Íslendingum, - við trúum á okkur sjálf, - við vitum að við getum.

Og þá er að vilja. Vilja meira, vilja skapa enn sterkara samfélag, enn sterkari þjóð fyrir næstu kynslóð. Við, sem trúum því að það sé einhvers virði að vera Íslendingur, þurfum að búa svo um hnútana, að næstu kynslóðir vilji líka vera Íslendingar.

Nú sýna kannanir að meirihluti ungs fólks á Íslandi getur vel hugsað sér að setjast að erlendis, - mest af efnahagslegum ástæðum, þar séu fleiri tækifæri, hærri laun og betri veðráttu. Þetta er rétt og um þetta fólk keppum við ekki við útlöndin með Njálu í annarri hendi og melgrasskúfinn harða í hinni. Þeim er alveg sama, - að minnsta kosti á þessu skeiði ævinnar, - og þau eiga fullan rétt á

því. Það hefur alltaf verið styrkur okkar Íslendinga, að menn hafa leitað sér menntunar og reynslu til útlanda. Það hefur gert okkar litla samfélag miklu fjölbreyttara en höfðatala og staðsetning gáfu tilefni til. Galdurinn er að fá þetta fólk til að snúa heim aftur, - reynslunni ríkara og færara en áður um að auðga sitt land.

Að því verðum við að keppa með því að gera samfélagið aðlaðandi, þannig að fólk kjósi að búa hér. Það gerist ekki af sjálfu sér, - þeirri þróun verður að stýra. Efnahagsleg afköm einstaklinganna mun skipta miklu máli, - en sameiginleg þjónusta mun sennilega ráða úrslitum. Skólarnir, heilbrigðisþjónustan, íbúðasvæði, samgöngur, öryggi borgaranna, og síðast en ekki síst fjölbreytni menningarlífsins munu skipta sköpum um það, hvar komandi kynslóðir Íslendinga setjast að. Hvort íslenska þjóðin styrkist eða henni hrakar, - hvort við verðum til áfram eða líður undir lok.

Við líðum náttúrulega öll undir kistulok fyrr eða síðar, - og spyrja má, hvort mikils sé misst þótt þessi þjóð hætti að vera til sem slík. Eru forfeðurnir ekki búnir að skila okkur vel á veg, við höfum fært heiminum Íslendingasögurnar, ekki förum við að skrifa þær upp á nýtt, - við erum komin til manns, getum spjarað okkur í alheiminum, - þurfum við endilega fótfestu á þessu skeri nyrst í eilífðar útsæ?

Kannski ekki. - Við getum lifað af, - sem lífverur, - en hver verðum við? Reikult er rótlaust þangið/rekst það um víðan sjá. Hann er nefnilega nokkurs virði Menningararfurinn, - hinn þjóðlegi arfur. Hann er kjölfesta hvers Íslendinga, hvort sem sá leiðir að því hugann eða ekki. Hinn þjóðlegi arfur varð ekki til á einni nóttu. Mann fram af manni í meira en þúsund ár höfum við mótast af átökum feðra okkar og mæðra við náttúru þessa lands. Reynsla kynslóðanna hefur safnast saman og gefið okkur sérstakan hugmyndaheim, þar sem landið og mannlífið eru samofin. Þann hugmyndaheim kynnum við hverri nýrri kynslóð frá blautu barnsbeini og gefum henni þar með hlutdeild í arfinum, í þjóðerninu og þjóðerniskenndinni.

Þannig er þjóðerni okkar ekki bara lögheimili og staðfesta á einni eyju. Við berum það með okkur hvert sem við förum, það er runnið okkur í merg og bein.

En svo ert þú Ísland í eðli mitt fest  
að einungis gröfin oss skilur

yrkir Klettafjallaskáldið Stefán G. Stefánsson, skagfirski óskólagengni pilturinn, sem flutti um tvítugt alfarinn vestur um haf, en yfir plóginum þarna vestra vann hann úr heimanmundi sínum einhver máttugustu ljóð íslenskrar tungu.

Í hugsun okkar og tali erum við sífellt að vísa í okkar sameiginlega arf, en áttum okkur fljótt á því í samskiptum við aðrar þjóðir, að aðeins hinn innvígði með hverri þjóð nær að skilja hugmyndaheim hennar til fulls. Þetta er meðal þess sem gerir það erfitt að vera innflytjandi og þurfa að læra að rata í arfleifð nýrra heimkynna, nýrrar þjóðar. Það sér hver sjálfan sig með það. Hvernig gengi okkur, ef við flyttum til Bangladesh?

Þótt það sé hollt að ferðast og kynnast heiminum, er sálin alltaf svolítið einmana hvar sem drýpur af hússins ufsum erlent regn. Á ferðalagi úti í heimi þýðir lítið að skýra einhverja ákvörðun sína með þeim orðum að nú hnígi öll vötn til Dýrafjarðar. Hinn séríslenski hugmyndabrunnur er bara nothæfur heima. En hann er ómissandi veganesti til að geta staðið í alþjóðlegum straumum án þess að missa fótanna. Hann gefur okkur sem einstaklingum öryggi, þannig að við getum nýtt þjóðleg sérkenni okkar til frumlegrar hugsunar á framandi tungum. Hann er undirstaðan.

Uppgangur þjóðernishyggju og sjálfstæðisbaráttu fjölmargra þjóða á 19. öld hefur gætt heimsmenninguna þeirri fjölbreytni, sem við búum að í dag. Þjóðleg sjónarmið fela í sér að það er lögð rækt við fjölbreytnina og þannig hefur þjóðerniskenndin óbeint stuðlað að myndun alþjóðlegs menningararfs. Virðing fyrir fegurð þjóðmenninga virðist liggja í tíðarandanum núna, menn átta sig á, að þjóðmenning þýðir fjölbreytni. Hún þarf ekki að vera safngripur, - og hún á ekki að vera safngripur, - heldur lifandi efniviður í nýja sköpun.

Örlítið dæmi, - en þó gleðilegt, - hefur meira að segja verið að finna í því furðulega fyrirbæri Evróvisjón söngvakeppninni á undanförunum árum. Um árabíl hefur þessi keppni verið táknmynd hins andlitslausa samruna, þar sem keppst hefur verið við að hefja sig yfir þjóðleg einkenni í nafni samevrópskrar menningar, - hvað sem það nú er. Nú virðist blaðið hins vegar vera að snúast við á fáeinum stöðum, - fram er teflt harðangursfiðlu, írskri flautu og síðast en ekki síst írskum þjóddönsum, sem við höfum nú fengið að kynnast í Árdansinum magnaða. Þessi þrautþjóðlegu fyrirbæri hafa birst okkur, ekki í þjóðbúningum, heldur í nútímabúningi en með sérkennilegu þjóðlegu ívafi. Og viti menn, - þau slá í gegn. Kannski ætti Páll Óskar að draga upp fimmundarsöng eða kveða rímur næst, - það væri áreiðanlega tilraunarinna virði. Gramsa í kistlinum sínum og vera óhræddur við að láta hið þjóðlega mæta hinu erlenda. Láta strauma mætast.

Gleymum því ekki að bestu lífsskilyrðin í hafinu eru þar sem straumar mætast, þar er hrært upp í vatnslögunum, næringin verður aðgengileg og lífið þrífst. Á suðurhveli eru óraflákar hafsvæða sem eru miklu hlýrri en hafið í kringum Ísland og því mætti ætla að lífsskilyrðin væru betri, - en hafið er dautt því þar mætast engir straumar. Efnaleg afkoma okkar byggist á því að kaldir straumar mæta heitum hér við land. Á sama hátt kviknar líf í menningunni þar sem straumar mætast.

Þjóðmenning er stórt orð og klisjukennt, - það er varla að maður nenni að taka það sér í munn. En kryfjum það þá, - úr hverju er þjóðmenningin samsett? Hún er samsafn af öllu mögulegu, sögum, kveðskap, ættfræði, náttúrufræði, hrakfarabáلكum, örnefnum, - þegar við könnum hana niður í kjölinn kemur í ljós að hún er samtvinnuð úr alls kyns staðbundinni þekkingu. Eins og alþjóðamenningin er samsett úr menningu margra þjóða, sækir þjóðmenningin allt sitt í héruðin. Þar er þekkingin staðbundin, - ef fólkíð fer, fer þekkingin með því. Sögur týnast niður og örnefni glata tengingunni, verða bara til á landakortinu án tilvísunar. Landslagið er þarna enn, en það hefur glatað fjórðu víddinni, tímanum, sögunum sem tengdust því.

Þetta er meðal þess sem við glötum þegar byggðirnar fara í eyði. Verðmæti sem aldrei hafa verið metin til fjár, - og af því að menn kunna ekki að reikna þau út, eru þau ekki gjaldgeng í jöfnunni um þjóðhagslega hagkvæmni. Staðbundna þekkingin er ekki talin með, frekar en hún væri einskis virði. Við erum ekki enn farin í alvöru að líta á hana sem auðlind, - einhverja þá dýrkeyptustu og viðkvæmstu sem við eigum. Þegar enginn er lengur sem kann sögurnar og sagnirnar, stendur mállaust landið eftir eins og enginn hafi nokkurn tímann komið.

Dýrkeyptust, segi ég, því til hennar er stofnað með mannanna lífi, frá landnámi til þessa dags. Ætlum við að kalla þetta einskis virði vegna þess eins að við kunnum ekki að mæla verðgildið í krónum og aurum?

Verðmætamat er fljótt að breytast. Það eru ekki margir áratugirnir síðan þær raddir voru uppi, hvort amerísku herþoturnar í Keflavík gætu nú ekki reynt að gera eithvað að gagni, þegar þær væru á ferðinni hvort eð væri með nóg af sprengjum, - og hjálpað okkur að losna við háhyrningaþvögurnar sem sóttu svo í reknetin. Það dygði ekkert minna en að sprengja þessa óværu og herinn væri upplagður til þess.

Hvern hefði grunað að fáeinum áratugum síðar teldi heimsbyggðin forsætisráðherra okkar það helst til tekna, að hann hefði samið við erlenda auðjöfra um að Íslendingar veiti heilsutæpum háhyrningi hæli, - og að bögglinum fylgdi skammrif upp á hundruð milljóna, - og harðvítug átök um hvaða staður á landinu hreppti hnossið. Þetta er staðreynd, og Keikó á Íslandi vekur athygli sem verður jafnað saman við stærstu alþjóðlegu viðburði á landinu á öldinni, leiðtogafundinn í Höfða og einvígi Fischers og Spasskís.

Verðmætamatið breytist og oft sjáum við þróunina ekki fyrir. En stundum mótar fyrir henni með fyrirvara. Til skamms tíma hefur fjárhagslegur styrkur landa verið metinn eftir þjóðarframleiðslu, auðlindum í jörðu og öðrum mælanlegum og veraldlegum stærðum. Ísland kemst ekki hátt á slíka lista. Staða landsins gerbreystist hins vegar, þegar tekið er tillit til þátta sem eru mælanlegir en af öðrum toga, eins og menntunarstig, hreinleiki umhverfisins, heilbrigðisþjónusta og öryggi borgaranna. Nú er farið að viðurkenna, svart á hvítu, þegar lífsgæði þjóða eru borin saman, að þessir þættir eru einhvers virði. En við höfum ekki enn stigið það skref að setja þjóðmenninguna inn í jöfnuna, þegar við reiknum út hvaða vit sé í að halda við byggð, - enda útkoman oftast sú að hagkvæmast sé að sem flestir búi á sem fæstum stöðum á landinu. En við getum varið staðbundnu þekkinguna, jafnvel þótt við lítum fram hjá eftirsjá þeirra sem kunna að meta góða sögu, eftirsjá þeirra vegna þess að fjölbreytnin glatast. Því þótt þau rök verði ekki tekin gild, þá eigum við rök fyrir þá sem vilja reikna. Þau eru til dæmis fólgin í ferðaþjónustunni. Landið er fallett, - en það verður allt annað og miklu meira spennandi ef því fylgir saga.

Ólafur Þórðarson frá Laugabóli við Djúp var nánasti fjölskylduvinur á æskuheimili mínu. Hann sagði okkur sögur af því, þegar Sigvaldi Kaldalóns kom að vitja ljóða hjá Höllu á Laugabóli, móður Ólafs. Frásögn Ólafs kemur alltaf upp í

hugann þegar ég hugsa um Djúpið, gæðir það lífi, lit og söng. Ég sé Sigvalda á þeysireið eftir ísilögðu Djúpinu á leið heim í Ármúla með nýort ljóð Höllu í huganum og á leiðinni verður til lagið Þú eina hjartans yndið mitt.

Djúpið verður aldrei samt eftir svona sögu, - og var þó nógu stórt fyrir.

Á ég að nefna ykkur fleiri dæmi? Þegar við komum akandi Djúpið í gær, sagði Ólafur Hannibalsson okkur mæðgunum margar sögur, - sem allar byrjuðu á: hér var það sem..... Hér í fjörunni var það sem hundurinn lá næturlangt á vettlingunum húsbónda síns, sem hafði misst þá í lendingunni. Hér í vörinni fyrir neðan Látur var það sem Lárus H. Bjarnason vildi fá sig ferjaðan yfir Mjóafjörð og spurði mann í fjörunni, hvort bóndi væri heima? Heima var hann þegar ég var heima, svaraði maðurinn, - og sýslumaður var svo seinheppinn að fara heim að gá, - en Helgi bóndi lét bæði sig og bátinn hverfa á meðan.

Og af því við erum stödd í Arnarfirðinum, verður mér hugsað til sveitunga Jóns Sigurðssonar, sem nýlega er látinn í hárrí elli, - hans Alla á Laugabóli í Mosdal. Það var nú maður sem Jón hefði kunnað að meta, - setti hluti í rétta röð, - og þegar Búnaðarfélag Auðkúluhrepps varð 75 ára, rann Alla blóðið til skyldunnar að skrá sögu þess, "því pabbi heitinn hafði verið formaður", - en heyskapurinn beið á meðan. Þegar hann loks lagði frá sér pennann var komin jólafasta og þann 6. desember hóaði hann nokkrum Bíldælingum í heyskap. Þeir litu upp úr hangikjötspottunum og stóðust ekki þá tilhugsun að töðugjöld rynnu saman við Þorláksmessuskötuna, - enda sagði Alli þeim að októbermánuður hefði löngum reynst sér drjúgur heyskaparmánuður. Það brást heldur ekki, í desember gerði þetta fína heyskaparveður og þegar taðan kom iðjagræn undan sköflunum, sagði Alli að það hrekkist ekki sem færi undir snjó.

Haldiði að hinn venjulegi ferðamaður líti Arnarfjörð sömu augum eftir svona trakteringu? Þess vegna segi ég: Gætum að auði okkar, á honum er sjálfmynd okkar byggð. Mölur og ryð fá ekki grandað honum, - en gleymiskan getur eytt honum upp til agna á einni eða tveimur kynslóðum.

Mér hefur orðið tíðrætt um mikilvægi þess fyrir þjóðina að þekkja sjálfa sig, uppruna sinn og sögu. En það er ekki síður mikilvægt fyrir hvern einstakling að þekkja sjálfan sig, uppruna sinn og sögu. Því það er rótin að því sem mestu máli skiptir: sjálfsvirðingunni.

Það vissi Jón Sigurðsson og brýndi fyrir Íslendingum. Sjálfstraust er gott, en það er falskt án sjálfsvirðingar. Það er frumskilyrði að geta horfst í augu við sjálfan sig án þess að líta undan. Sjálfsvirðing er sterkasta stoð hvers manns, hún er burðarásinn, - og með sjálfsvirðinguna í lagi getur maðurinn tekist á við mótbyr sem annars mundi brjóta hann niður. Lýsandi dæmi eru til frá föngum í þrælubúðum, sem gættu þess að rækta sjálfsvirðinguna á hverjum degi, eins og frumstæðar aðstæður framast leyfðu, - þó það væri ekki nema að þvo sér og raka með bitlausum dálki. Standa beinn og halda höfðinu upp úr foraðinu. Sjálfsvirðingin hélt í þeim lífinu, - þannig er það með okkur öll, - hvort sem það er í persónulegum vanda eða þegar samfélagið mætir andbyr, þá er það sjálfsvirðingin sem gildir, - og því brýnni sem vandinn er meiri.

Þessa skulum við minnast nú, þegar við erum saman komin í minningu þess manns, sem barðist við að innræta dönskuskotinni þjóð sinni sjálfsvirðingu, - með dágóðum árangri. Sjálfsvirðingin er undirstaðan fyrir sjálfstæðinu.

Megi Jón Sigurðsson, sómi Íslands, sverð þess og skjöldur, lifa með íslenskri þjóð kynslóð fram af kynslóð. Megi sá neisti sem brann innra með honum, og var kveikjan að öllu hans starfi, brenna áfram með okkur og öllum okkar afkomendum.

Gleðilega hátíð!